



11. stjórnarfundur LH

4. október 2019 kl. 16:00 Íþóttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson fomaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Ágúst Hafsteinsson, Stefán Logi Haraldsson og Eggert Claessen Hjartarsson úr aðalstjórn. Fjarverandi: Siguroddur Pétursson, Ómar Ingi Ómarsson, Lilja Björk Reynisdóttir, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn. Gestir: Aníta Aradóttir, fór eftir lið 2. Berglind Karlsdóttir og Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir starfsmenn LH sátu allan fundinn.

1. Formaður setti fund og skipaði Ólaf Þórisson fundarstjóra

2. Þolreiðarverkefni

Aníta Aradóttir kynnti þolreiðaverkefnið „Icelandic Horse Games“ sjá glærur í viðhengi.

3. Samþykktir fundargerða

Samþykkt 10. fundargerðar frestað

4. Erindi meistaradeildar æskunnar

Stjórn barst erindi frá meistaradeild Æskunnar um styrk til að halda opin fyrirlestur fyrir börn, unglinga, ungmenni, foreldra og þjálfara knapa í Meistaradeild Líflands og æskunnar. Fyrirlesarar eru Margrét Lára og Elísa Viðarsdætur landsliðskonur í fótbolta. Samþykkt var að veita 60.000kr í styrk.

5. Athugasemdir við reglugerð á umgjörð NM

Norðurlandþjóðirnar eru að vinna í sameiningu að reglugerð fyrir mótshaldara Norðurlandamóta. Farið var yfir tillögur að athugasemdum til að senda og þær samþykktar með áorðnum breytingum.

6. Ert þú í hestamannafélagi átaksverkefni í samstarfi við HOI

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd af átaksverkefni sem geti stutt hestamannafélögin í því að fá iðkendur sem ekki eru skráðir í hestamannafélög en eru samt sem áður stunda hestamennsku og nýta reiðvegi og aðra þjónustu til þess að skrá sig í viðkomandi félag. Átaksverkefnið væri í samstarfi við markaðsverkefnið Horses of Iceland sem skipta kostnaði. Samþykkt var að fara í verkefnið og kostnaður LH yrði ekki meira en 400.000kr

7. Erindi frá Into the Glacier

Erindið tekið fyrir og samþykkt að veita afslátt á gjaldi fyrir afnot af bílastæði við



Skógahóla á Þingvöllum. Þar sem notkun fyrirtækisins á aðstöðunni var töluvert minni en gert var ráð fyrir í upphafi.

8. Skýrsla LM2018

Stjórn LM2018 kynnir skýrslu LM2018 um Landsmót í Reykjavík 2018 mánudaginn 21. október. Á þennan fund eru boðaðir framkvæmdarstjóri mótsins, mótshaldarar, stjórnir eigandanna þ.e. Stjórn LH og stjórn FHB auk starfsmanna LH.

9. Formannafundur

Farið var yfir dagskrá formannafundar, formanni og framkvæmdastjóra falið að klára dagskránnu og birta.

10. Uppskeruhátíð

Farið yfir stöðu á undirbúning, Samþykkt var að hafa 60/40 skiptingu á sameiginlegum kostnaði milli LH og FHB. Þar sem LH greiðir stærri hlutann á sameiginlegum kostnaði á Uppskeruhátíðinni.

11. Valnefnd kynnir tilnefningar

Valnefnd kynnti tilnefningar til knapaverðlauna og rökstuddu það val fyrir stjórn. Stjórn treystir valnefnd til að klára valið. Einnig var rætt um hverjum ætti að veita heiðursverðlaun nokkur nöfn komu upp en engin ákvörðun tekin. Stjórn og valnefnd munu koma með hugmyndir á næstu dögum og bera undir stjórn.

12. Önnur mál

a) Sportfengur

Rætt var um stöðu Sportfengs og þær breytingar sem framundan eru á tölvudeild Bændasamtakana (BÍ). En fyrirhugað er að færa tölvudeildina undir Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins RML. Einnig var rætt um áhuga Norðurlandþjóðanna um að nýta Sportfeng. Lögð var áhersla á að finna fundartíma sem fyrst með BÍ og tölvunefnd LH vegna Sportfengs vegna þessa.

Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 19:45

Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir

Íþróttamiðstöðin Laugardal 4. október 2019